

204. fundur hafnarstjórnar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 8. maí 2019 og
hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Marzellíus Sveinbjörnsson formaður, Sigurður Jón Hreinsson varaformaður, Högni Gunnar Pétursson varaformaður og Ólafur Baldursson varamaður.

Embættismenn:

Guðmundur M Kristjánsson, hafnarstjóri og Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hálfán Bjarki Hálfánsson, upplýsingafulltrúi.

Dagskrá:

1. Umsagnarbeiðni vegna fiskeldis í Skutulsfirði - 2017050072

Lagt fram bréf Vigdísar Sigurðardóttur f.h. Matvælastofnunar, dagsett 29. mars sl., ásamt fylgigögnum, þar sem óskað er eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna aukinnar framleiðslu Hábrúnar ehf. í Skutulsfirði. Umsagnarfrestur er til 26. apríl. Bæjarráð tók erindið fyrir á 1056. fundi sínum 1. apríl sl., og vísaði því til umsagnar í hafnarstjórn.

Hafnarstjórn tekur jákvætt í fyrirhugaða framleiðsluaukningu og gerir ekki athugasemd við fyrirætlanirnar.

2. Malarnám í Skutulsfirði - 2019040054

Lagður fram tölvupóstur Bryndísar Róbertsdóttur f.h. Orkustofnunar, dagsettur 26. apríl sl., ásamt fylgiskjölum, þar sem óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar um umsókn Kubbs ehf. um leyfi til töku á mól og sandi af hafsbotni í Polli, Skutulsfirði.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1059. fundi sínum 29. apríl sl., og vísaði því til umsagnar í hafnarstjórn.

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við vinnsluna en leggur til að farið verði eftir leiðbeiningum Orkustofnunar og efnistaka verði ekki á minna en 8 metra dýpi.

3. Ársreikningur hafnarsjóðs - 2019010013

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur hafnarsjóðs fyrir árið 2019.

Lagður fram til kynningar.

4. Mælingar á sigi Sundabakkakants - 2016090029

Lagðar fram mælingar gerðar af Sveini Lyngmo hjá Tækniþjónustu Vestfjarða sem gerðar voru að ósk hafnarstjóra í framhaldi af umræðum á síðasta fundi hafnarstjórnar. Samkvæmt mælingunum er sig á Sundabakkakantinum óverulegt, eða um 2 sentimetrar.

Lagðar fram til kynningar.

5. Ársreikningur Hafnasambands Íslands - 2019030067

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur Hafnasambands Íslands.

Lagður fram til kynningar.

6. Fundargerðir stjórnarfunda Hafnasambands Íslands - 2019030067

Lagðar fram fundargerðir 409. og 410. stjórnarfunda Hafnasambands Íslands.

Lagðar fram til kynningar.

7. Áhættumat fyrir Ísafjörð - 2017030069

Lögð fram skýrsla um bráðabirgðaráhættumat fyrir Ísafjörð og tillögur til skaðaminkunnar vegna hækkandi sjávarstöðu og storma. Skýrslan er gerð af Manuel Meidinger, nema í Háskólasetri Vestfjarða, undir leiðsögn Luis Costa.

Lögð fram til kynningar.

8. Nýr björgunarbátur SVÍ á Vestfjörðum - 2002120016

Lögð fram drög að samningi hafnarsjóðs og Björgunarbátasjóðs SVÍ á Vestfjörðum vegna kaupa á nýjum björgunarbáti frá Noregi.

Hafnarstjórn telur kaupin nauðsynleg og leggur til við bæjarstjórn að leitað verði leiða til að fjármagna þann kostnað sem falla mun á Ísafjarðarbæ verði samningurinn undirritaður.

9. Ísafjarðarhöfn - stöðuleyfi fyrir torgsöluhús - 2016040066

Kristín Þórunn Helgadóttir óskar eftir endurnýjun stöðuleyfis vegna torgsöluhúss við Ísafjarðarhöfn.

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísaði erindinu til hafnarstjórnar á 519. fundi sínum.

Hafnarstjórn gerir ekki athugasemdir við endurnýjun stöðuleyfisins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:45

Marzellíus Sveinbjörnsson

Sigurður Jón Hreinsson

Högni Gunnar Pétursson

Ólafur Baldursson

Guðmundur M Kristjánsson

Hálfván Bjarki Hálfvánsson